

L Ö G

um breyting á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 40. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifyr, sem jörð er lagt til eftir 39. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört i Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:

Skiptagerðum samkvæmt lögnum skal þinglýsa.

2. gr.

Úr 2. málsg. 16. gr. falla brott orðin:

Skiptameðferð þessari skal þinglýsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört i Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.